



FJARÐABYGGÐ

Ráðrík
þekking
reynsla
fagmennska

9. október 2020

FJARÐABYGGÐ

ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

RÁÐRÍK EHF
<http://radrik.is>

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Töfluskra | 2 |
| Myndaskra | 2 |
| Samantekt | 3 |
| 1. Inngangur | 4 |
| 2. Lög og reglur | 5 |
| 3. Sérstaða Fjarðabyggðar | 6 |
| 4. Skipulag, starfsmannamál og stjórnun málaflokksins | 7 |
| 5. Íþróttamannvirki og félagsmiðstöðvar | 10 |
| 6. Íþrótt- og æskulýðsstarfsemi | 14 |
| 6.1. Félagsmiðstöðvar | 14 |
| 6.2. Frístundaheimili | 15 |
| 6.3. Sumarfrístund | 15 |
| 6.4. Ungmennafélög og önnur félög sem fá styrki frá sveitarfélaginu | 15 |
| 6.5. Annað | 16 |
| 7. Útgjöld við málaflokkinn ,samanburður við önnur sveitarfélög | 17 |
| 7.1. Skatttekjur | 17 |
| 7.2. Horfur | 18 |
| 7.3. Útgjöld til íþrótt- og æskulýðsmála | 18 |
| 8. Almennings­samgöngur | 22 |
| 9. Helstu atriði stefnumótunar | 23 |
| 10. Lokaorð | 25 |

Töfluskrá

| | |
|---|----|
| Tafla 1: Samanburður á útgjöldum fjölkjarna sveitarfélaga árin 2018 og 2019 | 7 |
| Tafla 2: Skatttekjur á íbúa v.s. landið allt | 17 |
| Tafla 3: Samanburður á kostnaði pr.íbúa árið 2019 | 20 |
| Tafla 4: Nýtt íþróttahús á Reyðarfirði..... | 20 |

Myndaskrá

| | |
|--|----|
| Mynd 1: Skipurit íþróttar og tómstundasviðs Fjarðabyggðar | 8 |
| Mynd 2: Nýtt skipurit íþróttar- og æskulýðsmála..... | 9 |
| Mynd 3: Íbúapróun frá árinu 1998. Tölur af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga..... | 17 |
| Mynd 4: Útgjöld hlutfall af skatttekjum árið 2018 | 19 |
| Mynd 5: Útgjöld hlutfall af skatttekjum árið 2019 | 19 |

Samantekt

Móta þarf stefnu, bæði til lengri og skemmri tíma, um uppbyggingu íþróttamannvirkja, nýtingu þeirra og rekstur einstakra verkefna málaflokksins. Þetta þyrfti að vinnast hratt og mikilvægt að skapa pólitíska samtöðu um niðurstöðuna. Í kafla 9 eru listuð upp nokkur atriði sem hafa ætti í huga við mótun slíkrar stefnu.

Sérstakur verkefnisstjóri frístunda- og forvarnarmála verði ráðinn. Undir hann mundu þá heyra forvarnarmál ungmenna, félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, sumarfrístund og skipulag vinnuskóla. Verkefni hans yrði m.a. að endurskipuleggja og samræma vinnu með börnum og ungmennum í sveitarfélaginu um leið og tekið er við nýjum verkefnum.

Í Fjarðabyggð er fjöldi íþróttamannvirkja, sem leiðir af því að sveitarfélögin sem sameinuðust voru flest, og eftir efnum og aðstæðum, búin að byggja upp bæði íþróttahús og sundlaugar. Sjö forstöðumenn eru yfir þessum mannvirkjum, auk skíðamiðstöðvar í Oddsskarði. Félagsmiðstöðvar fyrir ungmenni í sveitarfélaginu eru sex talsins. Fjöldi þeirra ungmenna sem sækja þær er mjög mismunandi og baklandið ólíkt á milli byggðakjarna. Forstöðumaður er við hverja félagsmiðstöð. Þegar stefna hefur verið mótuð er hægt að nýta starfsmannaveltu til að ná árangri við fækkun forstöðumanna við íþróttamannvirki en með ráðningu verkefnisstjóra frístunda og forvarnarmála mætti breyta fjölda forstöðumanna við félagsmiðstöðvar.

Til þess að samfélögin í Fjarðabyggð geti sérhæft sig í samræmi við styrkleika sína og innviði á hverjum stað, og nýtt þá fjármuni sem fara til málaflokksins sem best, þarf að huga að almenningssamgöngum innan sveitarfélagsins. Í raun má segja að almenningssamgöngur séu ein af forsendum þess að slík sérhæfing skili sér bæði í formi hagræðingar og markvissari þjónustu við íbúana.

Ef borin eru saman útgjöld við málaflokk 06 hjá Fjarðabyggð og fimm öðrum fjölkjarna sveitarfélögum á árunum 2018 og 2019 eru útgjöld á íbúa hæst hjá Fjarðabyggð. Þá ver Fjarðabyggð hæstu hlutfalli af skatttekjum til málaflokksins af þeim sveitarfélögum sem samanburðurinn nær til, eða 14,6%. Meðaltal yfir landið er um 10%.

Taka ætti til endurskoðunar þá ákvörðun að byggja enn eitt íþróttahús í Fjarðabyggð m.a. vegna þess aukna rekstrarkostnaðar sem ný bygging mundi hafa í för með sér, og ef horft er yfir sveitarfélagið virðist þar nægur húsakostur. Aukinn rekstrarkostnaður getur leitt til þess að draga þurfi úr þjónustu á öllum stöðum þó næg mannvirki séu fyrir hendi.

1. Inngangur

Ráðgjafafyrirtækið Ráðrík ehf. hefur tekið að sér að taka út málaflokk 06, þ.e. íþrótt- og æskulýðsmál, hjá Fjarðabyggð sbr. minnisblað dags. 17.07.2020. Tilboð Ráðrík ehf., var samþykkt á 672. fundi bæjarráðs Fjarðabyggðar þann 27. júlí 2020.

Vefsíða Fjarðabyggðar var notuð til að afla upplýsinga um fyrirkomulag málaflokksins auk þess sem starfsmenn sveitarfélagsins voru mjög hjálplegir. Vefsíður samanburðar-sveitarfélaga, sem eru önnur sameinuð fjölkjarna sveitarfélög, voru einnig notaðar til upplýsingaöflunar. Þá komu upplýsingar af vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga að miklu gagni við samanburð á útgjöldum sveitarfélaga við málaflokk 06 og stöðu þeirra að öðru leyti.

Kannað var hvaða lög mynda rammann um starfsemi innan málaflokks 06 og einnig hvaða reglur Fjarðabyggð hefur sett sér um það á hvern hátt fjárhagsstuðningi við æskulýðs- og íþróttastarf skuli háttað.

Tveir af starfsmönnum Ráðrík ehf., þær Eyrún og Svanfríður, fóru í heimsókn til Fjarðabyggðar dagana 8. og 9. september, heimsóttu byggðakjarna og íþróttamannvirki og áttu samtöl við forstöðumenn þeirra. Einnig áttu þær í þessari ferð fundi með íþrótt- og tómstundastjóra, bæjarstjóra og íþrótt- og tómstundanefnd. Haldnir voru fundir yfir netið með sviðstjóra fjölskyldusviðs ásamt íþrótt- og tómstundastjóra og síðan einnig bæjarráði Fjarðabyggðar.

2. Lög og reglur

Í 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segir m.a. um almennar skyldur sveitarfélaga: *Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.* Einnig segir í 3. mgr. sömu greinar: *Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.*

Sveitarfélög sinna þannig ýmsum verkefnum sem þeim eru falin að lögum þ.e. lögmælt verkefni. Sveitarfélög geta innan vissra marka, tekið að sér önnur verkefni sem ekki er kveðið á um í lögum, þ.e. ólögmælt eða valkvæð verkefni. Lögmæltum verkefnum má síðan skipta upp í lögskyld verkefni s.s. félagsþjónustu og menntun grunnskólabarna og lögheimil verkefni sem sveitarfélögum er heimilt að sinna og er þeim þá skylt að fara að lögum um viðkomandi verkefni s.s. rekstur tónlistarskóla og byggingu félagsheimila. Síðan eru verkefni sem öðrum eru falið að lögum og eru því ekki á verksviði sveitarfélaga s.s. heilbrigðisþjónusta og löggæsla.

Þau málefni barna og ungmenna sem falla undir málaflokk 06, íþróttá- og æskulýðsmál og eru lögskyld gefa sveitarfélögum líka svigrúm til útfærslu, en þau lög sem eiga hér við eru: *Lög um grunnskóla nr.91/2008* um starfrækslu frístundaheimila, *Íþróttalög nr. 64/1998* um byggingu íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota, *Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991* um að félagsmálanefnd skuli sjá til þess að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða og að sveitarfélög skulu starfrækja þjónustu við unglinga m.a. standa að forvarnarstarfi í málefnum þeirra sem miða að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir og *Æskulýðslög nr. 70/2007* um að sveitarstjórnir skuli setja sér reglur um á hvern hátt stuðningi við frjálst æskulýðsstarf skuli háttáð.

Sveitarfélög hafa almennt mikinn metnað til að standa vel að þeim málum sem snúa að velferð barna og ungmenna og mörg þeirra ganga mun lengra en þeim er skylt samkvæmt lögum, einkum ef félagastarf er veikt og fámenni kallar á mikinn atbeina sveitarfélagsins. Í því samhengi er bent á að í 5. gr. Íþróttalaga nr. 64/1998 segir m.a.:

Íþróttastarfsemi utan skóla byggist á frjálssu framtaki landsmanna.

Sveitarfélögum er að mörgu leyti í sjálfsvald sett hvernig þau útfæra og skipuleggja málaflokkinn og virðist það fara eftir bæði efnum og aðstæðum hvernig að málum er staðið.

Fjarðabyggð hefur, eins og lög segja til um, sett margvíslegar reglur um stuðning við æskulýðs- og íþróttastarf í sveitarfélaginu. Þær eru:

- Reglur Fjarðabyggðar um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum til íþróttafélaga og almennings.
- Reglur um afnot íþróttamiðstöðvarinnar í Breiðdal utan hefðbundins opnunartíma.
- Úthlutunarreglur íþróttastyrkja.
- Reglugerð um kjör íþróttamanns Fjarðabyggðar.
- Viðmiðanir vegna samningagerðar og gjaldfrjálsra afnota íþróttafélaga af líkamsræktarstöðvum.

3. Sérstaða Fjarðabyggðar

Fjarðabyggð hefur þá sérstöðu meðal íslenskra sveitarfélaga að þar eru fleiri byggðakjarnar en annars staðar. Þéttbýliskjarnar eru taldir sjö. Nyrst er Mjóifjörður, en þar er eitt fámennasta þorp á Íslandi. Þá kemur Norðfjörður, því næst Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Syðsti þéttbýliskjarninn, og sá sem síðast bættist við sveitarfélagið, er svo Breiðdalsvík. Eftir síðustu sameiningu hefur það orðið að venju að nota nöfn fjarðanna um byggðarkjarnana og verður það gert hér.

Sveitarfélagið er 10. fjölmennasta sveitarfélag landsins með 5.072 íbúa hinn 1. janúar 2020. Aldursdreifing íbúanna er fremur hagstæð hvað varðar fólk á vinnualdri, en fólk á þeim aldri hefur fjölgað í sveitarfélaginu frá árinu 1998, er sameiningarferlið hófst.

Uppbygging íþróttamannvirkja og skipulag íþrótt- og ungmennafélaga og tómstundastarfs byggir að mestu á því sem var fyrir sameiningu sveitarfélaganna og einingarnar voru fleiri og fámennari.

Málaflokkurinn er kostnaðarsamur fyrir sveitarfélagið Fjarðabyggð og tímabært nú, þegar samgöngur hafa batnað mikið innan sveitarfélagsins og almenningsamgöngur eru komnar á dagskrá, að horfa á sveitarfélagið sem eina heild og skoða hvort hægt er að nýta fjárfestingar og fjármuni betur og skipuleggja málaflokkinn þannig að þjónusta við íbúana verði markvissari.

Ef borin eru saman útgjöld við málaflokkinn hjá Fjarðabyggð og fimm öðrum fjölkjarna sveitarfélögum á árunum 2018 og 2019 sést í töflu 1 að útgjöld á íbúa eru mest hjá

Fjarðabyggð. Þá ver Fjarðabyggð hæstu hlutfalli af skatttekjum til málaflokksins af þeim sveitarfélögum sem samanburðurinn nær til. Nánari greining hvað þetta varðar er sett fram í 7.kafli skýrslunnar.


Tafla 1: Samanburður á útgjöldum fjölkjarna sveitarfélaga árin 2018 og 2019

| 2018 | Íbúafjöldi | Heildarútgjöld | Útgjöld á íbúa | Skatttekjur | Hlutfall af skatttekjum |
|---------------|------------|----------------|----------------|---------------|-------------------------|
| Ísafjarðarbær | 3.800 | 465.688.000 | 122.519 | 3.291.145.000 | 14,15% |
| Norðurlingur | 3.042 | 217.920.000 | 71.637 | 2.842.843.000 | 7,67% |
| Fjarðabyggð | 5.070 | 751.220.000 | 148.170 | 5.145.135.000 | 14,60% |
| Skagafjörður | 3.992 | 365.054.000 | 91.447 | 3.968.715.000 | 9,20% |
| Borgarbyggð | 3.807 | 308.384.000 | 81.004 | 3.592.573.000 | 8,58% |
| Árborg | 9.485 | 735.996.000 | 77.596 | 7.063.480.000 | 10,42% |
| 2019 | Íbúafjöldi | Heildarútgjöld | Útgjöld á íbúa | Skatttekjur | Hlutfall af skatttekjum |
| Ísafjarðarbær | 3.809 | 495.070.000 | 129.974 | 3.592.667.000 | 13,78% |
| Norðurlingur | 3.115 | 290.387.000 | 93.222 | 2.821.947.000 | 10,29% |
| Fjarðabyggð | 5.072 | 791.733.000 | 156.099 | 5.518.917.000 | 14,35% |
| Skagafjörður | 4.034 | 422.027.000 | 104.617 | 4.380.434.000 | 9,63% |
| Borgarbyggð | 3.852 | 314.664.000 | 81.689 | 3.711.671.000 | 8,48% |
| Árborg | 10.055 | 784.306.000 | 78.002 | 7.947.485.000 | 9,87% |

4. Skipulag, starfsmannamál og stjórnun málaflokksins

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar fer með íþrótt- og æskulýðsmál sem aftur heyra undir íþrótt- og tómstundastjóra. Alls heyra undir málaflokkinn í Fjarðabyggð 14 starfsstöðvar og 14 forstöðumenn sem allir heyra beint undir íþrótt- og tómstundastjóra. Einungis fjórir af þessum forstöðumönnum hafa mannaforráð þannig að allir afleysingarstarfsmenn, sumarstarfsmenn í öllum starfsstöðvunum fyrir utan Íþróttamiðstöð Norðfjarðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar auk Skíðasvæðisins í Oddsskarði, heyra undir hann.

Það blasir þannig við að eftir að sveitarfélögin voru sameinuð hafi breytingar á þeirri mynd sem kom upp í íþrótt- og æskulýðsmálum eftir sameiningu verið litlar og fyrst og fremst settur einn hattur yfir starfseminu; íþrótt- og tómstundastjóri. Skipuritið sem út úr þessu kom virkar tæpast lengur. Íþrótt- og tómstundastjóri hefur ekki aðstöðu eða tíma til annars en halda í horfinu eða taka við fleiri verkefnum.




Mynd 1: Skipurit íþrótt- og tómstundasviðs Fjarðabyggðar

Fjöldi nýrra verkefna hafa bæst við verkefnaskrá íþrótt- og tómstundastjóra á síðustu árum s.s. sameining við Breiðdalsvík 2018 (íþróttamannvirki og félagsmiðstöð), Sumarfrístundin 2019, sem nú er áformað að verði í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins, Janusarverkefnið 2020, Egilsbúðarverkefnið 2019, forvarnarteymi 2020, innleiðing Nóra 2020. Þá er einnig áformað á næsta ári 2021 að færa vinnuskólann og frístundaheimilin undir málaflokkinn og þar með íþrótt- og tómstundafulltrúa. Þá fjölgar að óbreyttu þeim forstöðumönnum um sex til sjö sem munu heyra undir íþrótt- og tómstundafulltrúa.

Við mælum með að sérstakur verkefnisstjóri frístunda- og forvarnarmála verði ráðinn og undir hann mundu þá heyra forvarnarmál ungmenna, félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, sumarfrístund og skipulag vinnuskóla. Íþrótt- og tómstundastjóri yrði hans næsti yfirmaður. Undir íþrótt- og tómstundastjóra heyrðu þá beint Egilsbúðarverkefnið, sem á þessu stigi er n.k. tilraunaverkefni, íþróttamannvirki, Skíðasvæðið í Oddsskarði, Janusarverkefnið, Heilsueflandi Fjarðabyggð, ungmennaráð og innleiðing og eftirlit með Nora. Litið yrði á þetta fyrirkomulag sem þróunarverkefni fyrstu tvö árin.

Á mynd 2 má sjá tillögu okkar að nýju skipuriti málaflokksins. Með þessu ætti að nást fram betra skipulag, yfirsýn og eftirfylgni í málaflokknum.

Mynd 2: Nýtt skipurit íþrótta- og æskulýðsmála




Á áætlun ársins 2021 er gert ráð fyrir því að laun starfsmanna félagsmiðstöðvanna verði rétt rúmar 35 milljónir auk 2 milljóna króna vegna Rauða krossins á Stöðvarfirði, sem fær greitt eftir vinnuframlagi ca. tvisvar á ári. Samtals eru því áætluð laun starfsmanna félagsmiðstöðva fyrir árið 2021 um 37 milljónir. Þar af eru laun starfsmanna í Egilsbúð 15,5 milljónir. Aðrir forstöðumenn eru nú í samtals í 200% starfi (tveimur stöðugildum) 9 mánuði á ári. Frístundaleiðbeinendur eru síðan í u.þ.b. 110% stöðugildi samtals, einnig í 9 mánuði á ári. Við göngum út frá því að fjármunir muni fylgja verkefnum sem flutt eru til málaflokksins frá málaflokkum 04, frístundaheimili, frá 02, forvarnamál og frá 10, vinnuskóli. Þá þarf að gæta

Þess að þeir fjármunir sem hafa farið til stjórnunar þessara mála á fyrra málefnasviði fylgi einnig með. Í ramma fyrir málaflokkinn fyrir árið 2021 hefur þegar verið bætt við 6 m.kr vegna sumarfrístundar. Að þessu samanlögðu ætti að vera hægt að ráða verkefnisstjóra, fagmenntaðann starfsmann, í heils árs starf, án aukinna fjárútláta, enda yrðu aðrir forstöðumenn félagsmiðstöðva ekki ráðnir. Forstöðumaður í Egilsbúð yrði þó áfram. Þá er sett fram í skipuriti forstöðumaður íþróttamannvirkja, þar sem horfa þarf til þess að fækka þeim á næstu árum. Það getur gerst í gegnum starfsmannaveltu, en stefnan og markmiðið þarf að vera skýrt.

5. Íþróttamannvirki og félagsmiðstöðvar

Í Fjarðabyggð er fjöldi íþróttamannvirkja, sem leiðir af því að sveitarfélögin sem sameinuðust voru flest búin að byggja upp bæði íþróttahús og sundlaugar. Þess vegna eru íþróttamannvirki, og einnig sérstakar félagsmiðstöðvar, fleiri en í sambærilegum sveitarfélögum.



Heimild: Heimasíða viðkomandi sveitarfélaga

Í dag er staðan þessi varðandi þau íþróttamannvirki og félagsmiðstöðvar sem sveitarfélagið á og rekur. Vakin er athygli á því að allir forstöðumenn íþróttamannvirkja eru í 100% stöðugildum og standa vaktir.

Íþróttamiðstöð Norðfjarðar

Í Neskaupstað er alhliða íþróttahús sem þjónar sem skólamannvirki, til æfinga og fyrir almenning. Þá er húsið nýtt fyrir mótahald og keppnir. Líkamsræktaraðstaða er í íþróttahúsinu. Bað- og búningsaðstaða eru nýtt fyrir æfingar og keppnir á knattspyrnuvellingum sem stendur utar í bænum. Íþróttahúsið er nýtt undir kennslu flesta daga frá morgni til um kl.14:00 en eftir það taka við æfingar íþróttafélaganna. Sundlaug er á Norðfirði, en þar er útilaug, pottar og gufubað auk tveggja langra rennibrauta. Forstöðumaður er með mannaforráð. Auk hans eru fimm starfsmenn í 100% stöðugildum og tveir í 75% stöðugildi.

Íþróttamiðstöð Reyðarfjarðar

Á Reyðarfirði er íþróttahúsið eitt af fáum sem eftir eru, ef ekki það síðasta, þar sem hægt er að taka upp gólfíð og undir því er sundlaug. Íþróttasalurinn þjónar skóla, æfingum íþróttafélagsins Vals og almenningi auk þess sem húsið er nýtt fyrir mótahald og keppnir. Íþróttahúsið stendur við Grunnskóla Reyðarfjarðar. Sambyggt íþróttahúsinu er ágæt líkamsræktarstöð. Bað- og búningsklefar eru nýttir fyrir líkamsræktarstöð og æfingar og keppnir í Fjarðabyggðarhöllinni sem er yfirbyggt fjölnota hús með knattspyrnuvelli í fullri stærð. Auk skipulagðra kappleikja og mótahalds, fara fram íþróttæfingar og íþróttakennsla í Fjarðabyggðarhöllinni. Þá hefur hún einnig verið notuð fyrir ýmsa aðra viðburði eins og ungmennamót, markaðssýningar og fyrirtækjatengda viðburði. Búið er að samþykkja að byggja nýtt 1.500 fm íþróttahús sem búið er að taka grunninn að. Sundlaugin á Reyðarfirði er opin almenningi í u.þ.b. tvo mánuði á ári, tvo daga vikunnar, í maí og september í tengslum við skólasund barna. Sundlauginni var lokað af heilsufarsástæðum og í haust hefur börnum úr Grunnskóla Reyðarfjarðar verið ekið til Eskifjarðar í skólasund. Forstöðumaður er með mannaforráð. Auk hans eru tveir starfsmenn í 100% stöðugildum.

Íþróttamiðstöð Eskifjarðar

Á Eskifirði er lítill salur sem þjónar grunnskólanum, æfingum íþróttafélagsins Austra og almenningi auk þess sem húsið er nýtt fyrir mótahald og keppnir. Íþróttahúsið stendur við Grunnskóla Eskifjarðar. Á Eskifirði er góð útilaug með heitum pottum og gufubaði. Einnig er barnavaðlaug og þrjár rennibrautir og þar er einnig líkamsræktarstöð. Forstöðumaður er

með mannaforráð. Auk hans eru fimm starfsmanna í 100% stöðugildum og einn í 75% stöðugildi.

Íþróttahús og sundlaug Fáskrúðsfjarðar

Á Fáskrúðsfirði er alhliða íþróttahús í fullri stærð sem þjónar sem skólamannvirki, til æfinga fyrir Ungmennafélagið Leikni (UMF Leiknir) og fyrir almenning, auk þess sem húsið er nýtt fyrir mótahald og keppnir. Knattspyrnuvöllur stendur við hlið íþróttahússins. Bað- og búningsklefar íþróttahússins eru nýttir fyrir æfingar og keppnir á knattspyrnuvellingum. Líkamsræktarstöð er í íþróttahúsinu. Íþróttahúsið er nýtt undir kennslu flesta daga frá morgni til kl. 14:00 en eftir það taka við æfingar íþróttafélaganna. Í íþróttahúsinu er líkamsrækt sem er í eigu UMF Leiknis og sér félagið um kaup, viðhald og rekstur tækja í líkamsræktinni. Fjarðabyggð útvegar húsnæðið. Forstöðumaður er í 100% stöðugildi

Á Fáskrúðsfirði er innisundlaug með heitum útipotti. Sundlaugin er opin á veturna og er lokuð 30. júlí til 4. September og frá 11. desember til 4. janúar. Þar er boðið upp á ýmsa þjónustu fyrir utan hefðbundinn opnunartíma s.s. ungbarnasund og sundleikfimi. Þar er forstöðumaður í fullu starfi auk eins starfsmanns sem er í 60% stöðugildi.

Íþróttamiðstöð Stöðvarfjarðar

Á Stöðvarfirði er alhliða íþróttahús sem þjónar sem skólamannvirki, til æfinga og fyrir almenning. Þá er húsið nýtt fyrir mótahald og keppnir. Líkamsræktaraðstaða er í íþróttahúsinu sem er í eigu Ungmennafélagsins Súlunnar (UMF Súlan). Félagið sér um kaup, viðhald og rekstur tækja í líkamsræktinni. Fjarðabyggð útvegar húsnæðið. Bað- og búningsaðstaða eru nýtt fyrir æfingar og keppnir á knattspyrnuvellingum sem stendur utar í bænum. Íþróttahúsið er nýtt undir kennslu, en nú á haustönn er einungis kenndur einn tími í íþróttum í viku. Í tengslum við íþróttahúsið er lítill útilaug og pottur. Laugin er opin frá 1. maí til 31. ágúst og er því lokuð yfir vetrartímann. Frá 1. maí til 31. maí opnar laugin á Stöðvarfirði mánudaga og fimmtudaga kl. 16:30 vegna skólasunds. Þar er forstöðumaður auk sumarstarfsmanna.

Íþróttamiðstöðin í Breiðdalsvík

Í Breiðdalsvík er íþróttahús með litlum sal sem þjónar skóla og almenningi auk þess sem húsið er nýtt fyrir mótahald og keppnir. Íþróttahúsið stendur við skólabyggingu Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla. Í íþróttahúsinu er einnig ágæt líkamsræktarstöð. Lítil útisundlaug og pottur eru í tengslum við íþróttahúsið. Laugin er opin 1. júní til 30. september og er lokað yfir vetrartímann. Þar er forstöðumaður auk sumarstarfsmanna.

Starfsmannaskipti á milli íþróttamiðstöðva ættu að vera hluti af endurmenntun starfsmanna bæði til að þau læri hvert af öðru og verði tilbúnari til að leysa af á milli starfsstöðva og gera starfsmannahaldið þannig sveigjanlegra. Auk þess myndi slíkt hrista starfsmannahópinn saman.

Skíðamiðstöðin í Oddsskarði

Oddsskarð eða Austfirsku alparnir, eins og skíðasvæðið milli Eskifjarðar og Norðfjarðar er oft kallað, er eitt skemmtilegasta skíðasvæði landsins. Í fjallinu er toglyfta í 513 metra hæð og þegar upp á topp er komið, í 840 metra hæð yfir sjávarmáli, blasir við ægifagurt útsýni. Á skíðasvæðinu eru tvær toglyftur og barnalyfta, góð aðstaða fyrir brettafólk og skíðaskáli með veitingaaðstöðu. Skíðasvæðið hefur verið opið frá öðrum degi jóla og út apríl mánuð þegar veður leyfir. Forstöðumaður er með mannaforráð, umsjónamaður véla og tækja er í 100% starfshlutfalli. Þá eru árstíðarbundin störf s.s. lyftuvarsla og starfsmenn í skála.

Eins og sést hér að framan er nýting þessara mannvirkja afar mismunandi mikil. Sú spurning hlýtur að vakna þegar litið er yfir fjölda íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu og nýtingu þeirra, ásamt bættum samgöngum, hvort hægt sé að vinda ofan af þeirri ákvörðun að byggja nýtt íþróttahús á Reyðarfirði.

6. Íþróttá- og æskulýðsstarfsemi

6.1. Félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvar fyrir ungmenni í sveitarfélaginu eru sex talsins. Fjöldi þeirra ungmenna sem sækja þær er mjög mismunandi og baklandið ólíkt á milli byggðakjarna.

Atóm/Egilsbúð Félagshemili - Norðfirði

Forstöðumaður í 100% starfi allt árið um kring, ásamt 2-3 starfsmönnum í samtals 100% stöðugildi í 9 mánuði. Á Norðfirði sér íþróttá- og tómsfundasviðið líka um rekstur frístundastarfs eldri borgara sem og ungmennahúss, en verið er að undirbúa opnun þess, og rekstur félagshemilisins Egilsbúðar að öðru leyti.

Knellan - Eskifirði

Tveir starfsmenn í 40% stöðugildi sem deila með sér stöðu forstöðumanns og að auki einn tímavinnu starfsmaður. Þau eru ráðin í 9 mánuði á ári.

Zveskjan - Reyðarfirði

Forstöðumaður í 50% stöðugildi auk 2-3 tímavinnustarfsmanna í samtals 50% starfshlutfalli ráðin í 9 mánuði á ári.

Hellirinn - Fáskrúðsfirði

Forstöðumaður í 50% stöðugildi auk eins tímavinnustarfsmanns í u.þ.b. 30% starfshlutfalli ráðin í 9 mánuði á ári.

Stöðin - Stöðvarfirði

Fjarðabyggð gerir samning við Rauðakrossdeild Stöðvarfjarðar um rekstur félagsmiðstöðvarinnar þar. Forstöðumaður þar sækir fundi og fræðslu á vegum Íþróttá- og tómsfundafulltrúa líkt og aðrir forstöðumenn. Ca. 30% starfshlutfall forstöðumanns í 9 mánuði á ári.

PríZund - Breiðdalsvík

Forstöðumaður í 30% stöðugildi ráðin í 9 mánuði á ári.

Reiknað er með að sérstakur verkefnisstjóri frístunda- og forvarnarmála verði forstöðumaður allra félagsmiðstöðva, nema Egilsbúðar, og hafi umsjón með því starfi sem fram fer í félagsmiðstöðvunum.

6.2. Frístundaheimili

Frístundaheimili eru við alla fimm grunnskóla sveitarfélagsins, en þær eru sex talsins þar sem frístundaheimili er bæði á Stöðvarfirði og á Breiðdalsvík. Þau hafa verið rekin af skólunum, en mótuð hefur verið sú stefna að íþrótt- og æskulýðssvið taki rekstur þeirra yfir sbr.

efirfarandi úr minnisblaði um stjórnkerfisbreytingar:

„Frístundastarf verði endurskoðað frá grunni með það í huga að það mæti þörfum samfélagsins betur. Heilstætt frístundastarf á ársgrunni sem sé alfarið í umsjón æskulýðs- og íþróttateymis og því sinni fagmenntaðir starfsmenn sem skipuleggi allt frístundastarf út frá þörfum fjölskyldna. Markmið þess verður fjölbreytlni þannig að börn og ungmenni geti notið sín í frístundum og hæfileikar þeirra fái að blómstra. Skipulag æskulýðsmiðstöðva, sumarnámskeiða, skóladagheimila (insk. Íþrótt- og frístundastjóra: frístundaheimila), vinnuskóla og frístundastarfs grunnskóla verði endurskipulagt frá grunni með samþættingu þess í hug.“

6.3. Sumarfrístund

Sumarfrístund var starfsrækt á Reyðarfirði sumarið 2020 og þótti gefast það vel að vilji er til þess að bjóða uppá sambærilegt starf á öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins.

Úr áherslum fræðslu og frístundastefnu:

„Boðið verður upp á fjölbreytta fimm vikna sumarfrístund í öllum frístundaheimilum Fjarðabyggðar. Starfið í sumarfrístundinni byggist á útivist, hreyfingu, leikjum, íþróttum og fjöri. Sumarfrístundin er fyrir börn sem voru að ljúka 1. til 4. bekk grunnskóla.“

6.4. Ungmennafélög og önnur félög sem fá styrki frá sveitarfélaginu

Ungmennafélögin (íþrótt- og ungmennafélög) eru sex talsins, tengd við byggðakjarnana.

Þau eru: Umf. Valur á Reyðarfirði, Umf. Austri á Eskifirði, Umf. Þróttur á Norðfirði, Umf.

Leiknir á Fáskrúðsfirði, Umf. Súlan á Stöðvarfirði og Umf. Hrafnkell Freysgoði á Breiðdalsvík.

Íþrótt- og ungmennafélög hafa mörg nú þegar sérhæft sig í ákveðnum greinum og mætti þar nefna hina sterku blakhefð hjá Þrótti á Norðfirði, sundið hjá Austra á Eskifirði, glímuna hjá Val á Reyðarfirði og knattspyrnuna hjá Leikni á Fáskrúðsfirði. En einnig hafa greinar risið

upp innan félaganna og náð miklum vinsældum s.s. fimleikar hjá Leikni á Fáskrúðsfirði og tchoukbolti hjá Val á Reyðarfirði. Fjölbreytni í framboði er annars mikil. Dæmi:

Próttur á Norðfirði býður upp á blak, karate, knattspyrnu og sund.

Ungmennafélagið Austri á Eskifirði býður upp á knattspyrnu, karate og sund.

Ungmennafélagið Valur á Reyðarfirði býður upp á badminton, blak, glímu, knattspyrnu og tchoukbolta.

Ungmennafélagið Leiknir á Fáskrúðsfirði býður upp á fimleika, knattspyrnu og sund.

Ungmennafélagið Súlan á Stöðvarfirði býður upp á fjölbreytta íþróttatíma nokkrum sinnum í viku.

Gera ætti samninga við íþrótt- og ungmennafélögin um þann beina stuðning sem þau eru að fá og að þar komi einnig fram hver annar stuðningur er s.s. húsnæði o.þ.h. Í slíkum samningi er hægt að koma á framfæri þeim áherslum sem sveitarfélagið vill að séu í heiðri s.s. að börn af erlendum uppruna séu meðal iðkenda og að félagið leitist við að virkja þau ungmenni sem ekki eru þátttakendur, t.d. með nýjum tilboðum s.s. rafíþróttum.

Það væri bæði hagkvæmt og góð auglýsing fyrir sveitarfélagið að eitt knattspyrnulið/félag yrði í Fjarðabyggð í stað þeirra tveggja sem nú eru og eru bæði með marga aðkeypta krafta. Þá mætti huga betur að kvennknattspyrnunni, sem er nú á mikilli siglingu. Einnig að stofna íþróttabandalag fyrir allt sveitarfélagið sem gæti tekið að sér ýmis verkefni sem ekki eru lögbundin verkefni sveitarfélags.

6.5. Annað

Auk þessa er hægt að æfa skíði hjá Skíðafélagi Fjarðabyggðar og snjóbretti hjá Brettafélagi Fjarðabyggðar. Á sumrin bætist auk þess við barnastarf hjá Hestamannafélaginu Blæ og barnaæfingar í golfi hjá golfklúbbum sveitarfélagsins. Siglingaklúbbarnir eru einnig með barnastarf á sumrin.

7. Útgjöld við málaflokkinn ,samanburður við önnur sveitarfélög

7.1. Skatttekjur

Skatttekjur í Fjarðabyggð á hvern íbúa eru nokkuð yfir landsmeðaltali eins og sjá má í töflu


2. Árið 2018 voru þær kr. 1.014.819.- á mann en landsmeðaltal það ár var kr. 812.602.- . Árið 2019 voru skatttekjur í Fjarðabyggð kr. 1.088.115.- en landsmeðaltal það ár var kr. 853.536.-

Tafla 2: Skatttekjur á íbúa v.s. landið allt

| Ár | Fjarðabyggð | Landsmeðaltal |
|------|-------------|---------------|
| 2018 | 1.014.819.- | 812.602.- |
| 2019 | 1.088.115.- | 853.536.- |

Aldurspíramídi í Fjarðabyggð er hagstæður að því leyti að hlutfallslega margir eru á vinnualdri eins og sjá má á mynd 3.

Mynd 3: Íbúapróun frá árinu 1998. Tölur af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Eigi að síður þarf Fjarðabyggð eins og önnur sveitarfélög að gæta að þróun síns fjárhags. Sú staðreynd að skatttekjur Fjarðabyggðar eru hærri en landsmeðaltal gefur sveitarfélaginu

svigrúm til þess að setja meira fjármagn í rekstur sveitarfélagsins þ.á.m. íþróttá- og æskulýðsmál. En það verður líka að horfa til mögulegra sveiflna í afkomu hvað varðar skatttekjur þar sem aðalatvinnuvegir eru sjávarútvegur og álframleiðsla. Hvað ef verður hrun í veiðitegund (áhrif loðnubrests) eða frekari samdráttur verður á markaði fyrir ál.

7.2. Horfur

Ekki verður hjá því komist í umfjöllun um fjármál sveitarfélagsins að vekja athygli á gjörbreyttri stöðu sveitafélaga til verri vegar nú þegar afleiðingar Covid-19 eru að koma í ljós. Árshlutauppgjör fjögurra fjölmennustu sveitarfélaganna fyrir sex fyrstu mánuði ársins sýna með óyggjandi hætti á hvaða fjárhagslegu vegferð sveitarfélög landsins eru. Fjármálastöðugleikanefnd Seðlabanka Íslands bendir einnig á að óvissa sé nú meiri vegna langdregnari baráttu við sjúkdóminn en vænst var. Þó Fjarðabyggð hafi ekki orðið fyrir eins miklum beinum áhrifum sjúkdómsins og mörg önnur sveitarfélög hefur ýmislegt haft áhrif á fjármál sveitarfélagsins s.s. lækkun á tekjum frá Jöfnunarsjóði, en ætla má að framlög Jöfnunarsjóðs til Fjarðabyggðar lækki á bilinu 1 – 200 milljónir króna á milli ára en að útsvarsgreiðslur standi í stað. Rekstrarafkoma A-hluta sveitarfélagsins árið 2019 var 66.552 þús.kr. Sé það skoðað í ljósi fyrirhugaðra lækkunar framlaga Jöfnunarsjóðs þá mun rekstrarniðurstaða verða neikvæð á árinu 2020. Auk þess munu afleiðingar Covid-19 koma fram með margvíslegum hætti í Fjarðabyggð eins og hjá öðrum sveitarfélögum landsins. Samkvæmt samantekt Sigurðar Snævarr hagfræðings hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga má ætla að afkoma sveitarfélaga almennt verði samtals um 30 milljörðum kr. lakari árið 2021 en ætlað var í langtímaáætlunum og um 20 milljörðum lakari á árinu 2022.


7.3. Útgjöld til íþróttá- og æskulýðsmála

Fjarðabyggð tók við ýmsum mannvirkjum og margskonar starfsemi sem var fyrir í eldri sveitarfélögum og eðlilega gætir ákveðinnar íhaldsemi að viðhalda því sem var. Það er hinsvegar mikilvægt að horfa á sveitarfélagið sem eina heild varðandi reksturinn, skipuleggja starfsemi út frá því og byggja þá á styrkleikum og sérstöðu hvers samfélags.


Útgjöld vegna íþróttá- og æskulýðsmála eru mikil í Fjarðabyggð. Árið 2018 voru þau 14,6% af skatttekjum og árið 2019 voru þau 14,35% . Hluti skýringar á því liggur m.a. í fjölda mannvirkja og starfstöðva sem heyra undir málaflokkinn. Það er áhyggjuefni að heildarútgjöld við málaflokkinn eru enn að aukast og skv. drögum að fjárhagsáætlun ársins

2021 liggur fyrir að ríflega 850 milljónir króna muni fara til málaflokksins. Á mynd 4 og mynd 5 eru útgjöld Fjarðabyggðar til málaflokksins sett fram sem hlutfall af skatttekjum. Þau eru síðan borin saman við meðaltal útgjalda allra sveitarfélaga í landinu. Þá er dreginn fram samanburður við fimm sameinuð fjölkjarna sveitarfélög; Árborg, Borgarbyggð, Sveitarfélagið Skagafjörð, Norðurþing og Ísafjarðarbæ.

Mynd 4: Útgjöld hlutfall af skatttekjum árið 2018



Mynd 5: Útgjöld hlutfall af skatttekjum árið 2019



Sveitarfélögin á Íslandi eru ólík að stærð og samsetningu og samanburður því snúinn. Það getur því verið gagnlegt að bera saman kostnað á íbúa, þ.e. hversu mikil útgjöldin eru á hvern einstakling í sveitarfélaginu. Til þess að gera það er áfram litið til nokkurra sameinaðra og fjölkjarna sveitarfélaga. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga úr ársreikningum ársins 2019 og sjá má í töflu 3 eru útgjöld við málaflokkinn á íbúa í Fjarðabyggð kr. 156.099, kr. 129.974 í Ísafjarðarbæ, kr. 104.616 í Sveitarfélaginu Skagafirði, kr. 93.222 í Norðurþingi, kr. 81.688 í Borgarbyggð og kr. 78.002 í Árborg. Eins og glöggst má sjá eru heildarútgjöldin á íbúa hæst í Fjarðabyggð.

Tafla 3: Samanburður á kostnaði pr.íbúa árið 2019

| Málflokkur 06 - 2019 | Fjarðabyggð | Norðurþing | Sv.fél Skagafjörður | Ísafjarðarbær | Borgarbyggð | Árborg |
|--------------------------|----------------|---------------|---------------------|----------------|---------------|---------------|
| Íbúafjöldi 1.1.2020 | 5.072 | 3.115 | 4.032 | 3.809 | 3.852 | 10.055 |
| Íþróttahús og sundlaugar | 103.806 | 48.801 | 58.912 | 76.374 | 54.969 | 12.670 |
| Íþróttasvæði | 17.698 | 12.879 | 14.864 | 6.027 | | 602 |
| Styrkir | 12.270 | 14.403 | 13.012 | 31.147 | 16.423 | 52.724 |
| Félagsmiðstöðvar | 11.470 | 7.719 | 6.641 | 6.974 | 4.081 | 6.508 |
| Æskulýðsmál | 5.535 | 991 | 7.344 | 5.188 | 4.012 | 585 |
| Sameiginlegir liðir | 4.866 | 5.150 | 3.843 | 3.019 | 1.860 | 3.369 |
| Leikvellir | 454 | 3.279 | | 1.245 | 344 | 1.544 |
| Samtals | 156.099 | 93.222 | 104.616 | 129.974 | 81.689 | 78.002 |

Ef litið er á einstaka þætti eru útgjöld við íþróttahús og sundlaugar einnig hæst á íbúa í Fjarðabyggð eða kr. 103.806, kr. 76.374 í Ísafjarðarbæ, kr. 58.912 í Sveitarfélaginu Skagafirði, kr. 54.969 í Borgarbyggð og kr. 48.801 í Norðurþingi. Hluti skýringar er ugglaut sá að hitaveita er ekki í Ísafjarðarbæ og einungis á Eskifirði í Fjarðabyggð. Eigi að síður er full ástæða til að skoða þessa tölur nánar og ígrunda hvort hægt er að gera betur, ekki síst í ljósi þess að framkvæmdir eru hafnar við nýtt íþróttahús á Reyðarfirði. Sú framkvæmd mun hækka útgjöld til málaflokksins töluvert. Samkvæmt upplýsingum höfunda er áætlaður stofnkostnaður við nýbyggingu á Reyðarfirði a.m.k. 500 milljónir króna og því munu rekstrarútgjöld aukast um a.m.k. 57,8 milljónir króna á ári eins og sést í töflu 4.

Tafla 4: Nýtt íþróttahús á Reyðarfirði

| Rekstrarliðir | Samtals kr. |
|-----------------------------------|-------------------|
| Innri leiga | 47.500.000 |
| Nýtt stöðugildi | 7.800.000 |
| Hiti og rafmagn | 2.500.000 |
| Ýmis önnur þjónusta | 1.500.000 |
| Leigutekjur utan reiknaðra afnota | -1.500.000 |
| Viðbóta við málaflokk 06 | 57.800.000 |

Þá er bent á að hönnun hússins er í vinnslu og mun endanlegur stofnkostnaður ekki liggja fyrir fyrr en að henni lokinni. Því miður hefur reynslan sýnt okkur að stofnkostnaður hefur frekar tilhneigingu til þess að hækka þegar fram vindur, og ekki síst þegar tengja þarf við eldra húsnæði.

Á árinu 2019 voru heildarútgjöld til málaflokksins samtals 791.733.-þús.kr. Þar af var heildar rekstarkostnaður íþróttahúsa og sundlauga 527.190.- þús.kr. eða 66,59%. Ef áætluðum rekstarkostnaði við nýtt íþróttahús á Reyðarfirði er bætt við árið 2019, fer þetta hlutfall upp í 73,89%.

Í drögum að fjárhagsáætlun ársins 2021 er ramminn sem úthlutað er til málaflokksins samtals um 844 milljónir króna. Inni í þeirri fjárhæð er ekki gert ráð fyrir nýju íþróttahúsi á Reyðarfirði sem mundi m.v. forsendur fjárhagsáætlunar og áætlaðan stofnkostnað hússins hleypa úthlutun til málaflokksins í ríflega 901 milljón króna.

Útgjöld við félagsmiðstöðvar eru líka áberandi hærrí á mann í Fjarðabyggð. Líkleg skýring er að þær eru svo margar og margir forstöðumenn. Það þarf líka að horfa á þennan kostnað.

Í skýrslu KPMG *Fjarðabyggð til framtíðar frá árinu 2015* undir liðnum *Hvað þarf að gera* kemur m.a. fram að sveitarfélagið þurfi „...að hafa færri sterkari og öflugri starfseiningar“ og „Fresta framkvæmdum tímabundið eftir því sem kostur er“. Að mati höfunda eiga þessar tillögur enn við þegar horft er til stöðu málaflokksins í dag.

Það þarf að spyrja sig að því hvert þjónustustigið á að vera, hverjir þiggja þjónustuna og hvernig henni er best fyrir komið. Skoða þarf samgöngur á milli byggðakjarna og fara í stefnumótun sem unnin yrði til framtíðar og skilar hagræðingu og betri þjónustu til lengri tíma lítið.

Í stað byggingar nýs íþróttahúss á Reyðarfirði mætti huga að því að fara þar í verkefni svipað Egilsbúðarverkefninu og nýta til þess gamla húsið við Austurveg 1, sem var nýtt húsnæði Grunnskóla Reyðarfjarðar árið 1916. Í húsinu hefur meðal annars einnig verið hreppskrifstofur, bókasafn, heilsugæsla og tónlistarskóli. Þetta er hús með sögu og ekki vitað hvað á að gera við það í dag.

8. Almennings­samgöngur

Til þess að samfélögin í Fjarðabyggð geti sérhæft sig í samræmi við styrkleika sína og innviði á hverjum stað, og nýtt þá fjármuni sem fara til málaflokksins sem best, þarf að huga að almennings­samgöngum innan sveitarfélagsins. Í raun má segja að almennings­samgöngur séu ein af forsendum þess að unnt sé að leggja áherslu á slíka sérhæfingu. Það gæti einnig átt við um aðra starfsemi og þjónustu í sveitarfélaginu enda mundu bættar samgöngur stækka og styrkja öll þjónustusvæði í sveitarfélaginu. Þessar áherslur voru lagðar þegar knúíð var á um jarðgöng innan sveitarfélagsins og nú þegar tvenn jarðgögn eru komin og hafa tekið af helstu farartálma hefur sveitarfélagið hafið undirbúning þess að koma á „heildstæðu leiðaneti almennings­samgangna fyrir Fjarðabyggð“ en á fundi Íþrótt­ og tómstundanefndar 9. september sl. var því fagnað að „vinna við heildstætt almennings­samgöngukerfi fyrir Fjarðabyggð sé hafin“.

Það er verðugt verkefni fyrir sameinuð sveitarfélög og ekki síst þau sem eru fjölkjarna og víðfeðm að herja sameiginlega á ríkisvaldið um stuðning við almennings­samgöngur innan sveitarfélags á þeirri einföldu forsendu að sú hagræðing sem getur náðst við sameiningu sveitarfélaga raungerist ekki nema almennings­samgöngur séu innan sveitarfélagsins. Sjálfsagt verkefni jöfnunarsjóðs.

Til þess að almennings­samgöngukerfi nýtist sem best þarf **að móta stefnu**, bæði til lengri og skemmri tíma, um uppbyggingu íþróttamannvirkja, nýtingu þeirra og rekstur einstakra verkefna málaflokksins. Þetta þyrfti að vinnast hratt og mikilvægt að skapa pólitíska samtöðu um niðurstöðuna.

9. Helstu atriði stefnumótunar

Stóra verkefnið núna er því að skilgreina styrkleika hvers samfélags út frá hefðum, mannvirkjum, mannfjölda, fjölda iðkenda og/eða annars sem talið er skipta máli og móta stefnu út frá því. Það sem m.a. kemur til álita er:

1. Meta möguleika og notagildi þeirra íþróttamannvirkja sem eru fyrir hendi. Skoða einkum sundlaugar m.t.t. þess hvort fyrst og fremst ætti að kenna sund í sundlaugunum á Eskifirði og á Norðfirði.
2. Getur sundlaugin á Fáskrúðsfirði, sem er innilaug, haft þá sérstöðu að vera laug fyrir fatlað fólk, sjúkráþjálfun, ungbarnasund og fyrir leikfimi eldri borgara.
3. Kanna hvort hægt er að virkja frjáls félagasamtök betur við rekstur einstakra verkefna sem ekki eru lögbundin verkefni sveitarfélagsins s.s. rekstur líkamsræktarstöðva, en nú þegar reka ungmennafélög tvær af sex stöðvum í sveitarfélaginu.
4. Kanna hvort annað rekstarfyrirkomulag gæti hentað við rekstur skíðasvæðis. Á Siglufirði var komið á fót sjálfseignarstofnun um rekstur skíðasvæðis og virðist ganga vel. Einnig virðist hafa gefist vel víða að fela skíðafélögunum rekstur svæðanna.
5. Það vekur athygli hve margir forstöðumenn eru yfir íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu, en þeir eru alls sjö (eða átta ef skíðamiðstöðin er talin með).

Horfa ætti til þess að forstöðumönnum íþróttamannvirkja fækki á næstu árum og stefna þá að einum eða tveimur sem hefðu þá fleiri en eitt mannvirki á sinni könnu. Æskilegt væri að nota starfsmannaveltu til að koma því fyrirkomulagi á, en stefnumótun þarf fyrst að vera skýr.

6. Líta þarf til þess hvernig samfélagið mætir börnum og ungmönnum af erlendum uppruna? Þarf að gera betur og hvernig verður það þá best gert?
7. Mikilvægt er að huga að hagsmunum þeirra nemenda sem eru í fámönnum samfélögum, að þau fái tækifæri til að vera í stærri hópi í frístundum.
8. Hvað með börn og ungmenni sem eru í skólaforðun, eða taka hvergi þátt? Er hægt að mæta þörfum þeirra betur með öflugri félagsmiðstöðvum og fjölbreyttara starfi?

9. Hvaða ungmennafélag/íþróttafélag getur tekið að sér rafíþróttir og hvar væri þeim best fyrir komið?

Sérstakur verkefnisstjóri frístunda- og forvarnarmála verði ráðinn. Undir hann mundu þá heyra forvarnarmál ungmenna, félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, sumarfrístund og skipulag vinnuskóla. Hann yrði jafnframt forstöðumaður félagsmiðstöðva.

Mikilvægt er að hafa unga fólkið með í stefnumótun um framtíðarskipan félagsmiðstöðva, bæði ungmennaráð og stjórnir skólafélaga.

10. Lokaorð

Það blasir við þegar horft er til stöðunnar í Fjarðabyggð að taka þarf ákvarðanir og móta stefnu til framtíðar í málaflokki 06, íþróttá- og æskulýðsmálum. Sameinað sveitarfélag tók við fjölda mannvirkja/starfstöðva á þessu sviði, fjölda umfram það sem þætti eðlilegt í ríflega fimm þúsund íbúa sveitarfélagi. Þó sveitarfélagið sé nú með góðar tekjur er ljóst að vaxandi hlutfall útgjalda til þessa málaflokks mun ekki standast til framtíðar. Sjá einnig kafla 7 í þessari skýrslu.

Hér að framan er lagt til að mótuð verði stefna bæði til lengri og skemmri tíma, um uppbyggingu íþróttamannvirkja, nýtingu þeirra og rekstur einstakra verkefna málaflokksins. Verkefnið núna er hinsvegar að taka afstöðu til þess hvort ráða eigi verkefnisstjóra frístunda- og forvarnamála sem gæfi færi á því að fækka fljótlega forstöðumönnum félagsmiðstöðva og að endurskipuleggja starfið þar. Og sem gæfi nýjum íþróttá- og tómskundastjóra betra svigrúm til að vinna að stefnumótun og fylgja eftir tillögum að breytingum og nýjungum.

Almenningssamgöngur eru komnar á dagskrá í Fjarðabyggð og fylgja þarf eftir þeirri vinnu sem þegar er komin af stað. Í skýrslu KPMG frá 2015 er ákveðin herhvöt um mikilvægi almenningssamgangna til að nýta betur þau mannvirki og þjónustu sem til staðar er. Þar er m.a. vísað í væntanleg Norðfjarðargöng. Göngin eru komin en enn vantar Fjarðabyggðarstrætó til að unnt sé að nýta alla þá kosti sem sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Við höfum því bent á að það sé verðugt samstarfsverkefni fyrir sameinuð sveitarfélög sem eru fjölkjarna og víðfeðm, að herja á ríkisvaldið um stuðning við almenningssamgöngur innan sveitarfélags á þeirri einföldu forsendu að sú hagræðing sem getur náðst við sameiningu raungerist ekki nema almenningssamgöngur séu innan sveitarfélagsins.